



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2019


Efni: Frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál.

Tilv. 201911-003

Bændasamtök Íslands fengu drög að frumvarpi til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál, send til umsagnar 22. október sl. og frestur til að skila umsögn var veittur til 5. nóvember. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsdraganna og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtökin hafa lýst yfir áhyggjum af jarðasöfnun almennt og styðja að málið verði tekið til gagnerrar skoðunar. Samtökin áttu fulltrúa í starfshóp um eignarhald á bújörðum sem skilaði skýrslu um efnið 31. ágúst 2018 og styðja framgang þeirra tillagna sem þar koma fram.¹

Þá telja samtökin þá úrlausn sem lögð er til í frumvarpsdrögunum af ýmsum ástæðum ekki endilega til þess fallna að ná því markmiði eða tilgangi að sporna gegn jarðasöfnun. Eðlilegt væri að skoða álitamálið heildstætt, með hliðsjón af niðurstöðum áður nefndrar skýrslu, í stað þess að bregðast við með breytingum á hinum ýmsu lagabálkum sem snerta starfsumhverfi bænda.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir

¹ Sjá skýrsluna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a53f6e75-c328-11e8-942c-005056bc4d74>



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Ísafjörður, 27. nóvember 2019
2019010030

Efni: Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019

Á 530. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 27.11.2019 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 22. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál. Umsagnarfrestur er til 5. nóvember nk. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1080. fundi sínum 28. október sl., og vísaði því til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Bókun nefndarinnar:

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd.

Þetta tilkynnist hér með.



Axel Rodríguez Överby

- skipulags- og byggingarfulltrúi -

Selfossi, 5. nóvember 2019
1910262

Alþingi, nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Umsögn Árborgar um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum (forkaupsréttur sveitarfélaga)

Sveitarfélagið Árborg hvetur eindregið til þess að Alþingi samþykki þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Það skiptir miklu máli í vaxandi sveitarfélagi eins og Árborg að auka eins og kostur er möguleika sveitarfélagsins til að skipuleggja landnot til hagsbóta fyrir samfélagið. Einnig getur í mörgum tilfellum skipt máli að sveitarfélag ráði jarðnæði og hafi þannig fullt vald yfir ráðstöfun þess.

Á 51. fundi bæjarráðs sem haldinn var 31. október 2019 var bókað í fundargerð:

3. 1910262 - Umsögn - frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál
Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 22. október, þar sem óskað er eftir umsögn umfrumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga) mál 29.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn athugasemd.

Virðingarfyllt,

Gísli Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri



„Hreppsnefnd Tjörneshrepps fagnar fyrirbyggðum breytingum á jarðalögum. Eignarhald jarðnæðis á að vera til þess fallið að styrkja byggðir, ekki veikja þær eins og er nú. Hreppsnefnd hvetur ríkisstjórn Íslands til að ganga öll þau nauðsynlegu skref sem þar er varða eignarhald á jörðum til þess að snúa megi íbúapróun dreifbýlis landsins við“.